



122. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 2. nóvember 2011 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson og Þorleifur Eiríksson. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður forfallaðist.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 121. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Ástand friðlýstra svæða á Breiðafirði

Umhverfisstofnun vinnur nú að gerð ástandsskýrslu fyrir friðlýst svæði. Þessi skýrsla er unnin árlega samkvæmt lögum um náttúruvernd og send til umhverfisráðherra. Skýrslan fjallar um ástand og framkvæmdir á friðlýstum svæðum á Íslandi.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd lagði fram nokkrar ábendingar en telur útilokað að meta ástand svæðanna án þess að gengið sé á vettvang. Nefndin leggur til að Umhverfisstofnun feli Náttúrustofu Vestfjarða að vinna ástandsskýrslur um friðlýstu svæðin í Reykhólahreppi, Flatey og Hrísey og Náttúrustofu Vesturlands að vinna ástandsskýrslu um friðlýsta svæðið Melrakkaey í Grundarfjarðarbæ.

Tillaga að deiliskipulagi við Tröllenda í Flatey

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um tillögu á deiliskipulagi við Tröllenda í Flatey. Um er að ræða nýtt deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir 6 lóðum, þar af eru tvær byggðar.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi við Tröllenda í Flatey.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Farið var yfir fjárhagsstöðu nefndarinnar sem er innan ramma fjárheimildar ársins 2011.

Verndaráætlun

Vinnuhópurinn sem skipaður er af Guðríði, Þórólfi og Trausta hefur hist á þremur fundum á haustdögum. Áætlað er að einn til tveir fundir séu eftir til að ljúka yfirferð á drögum að verndaráætlun.



Önnur mál

Vakin var athygli á útgáfu Hvítbókar um endurskoðun náttúruverndarlöggjafar. Hægt er að sjá Hvítbókina á vefsíðu Umhverfissráðuneytisins:

<http://www.umhverfissraduneyti.is/umhverfishing2011/hvitbok/>

Fundi var slitið kl. 14:00

Næsti fundur er áætlaður þann 7. desember 2011.